

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð, sumarbústað eða fyrirtæki í sveitarfélaginu og innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim fyrirtækjum, sem sjálf annast alla hreinsun sorpsins. Innheimta skal sorpeyðingargjald, sem miðast við áætlaðan fjölda sorpíláta að mati hreppsnefndar Eyrarbakkahepps.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1996 er sem hér greinir:

	Íbúðir/fyrirtæki	Sumarbústaðir
Sorphreinsigjald	4.500 kr. á ílát	1.350 kr. á ílát
Sorpeyðingargjald	2.500 kr. á ílát	750 kr. á ílát
Samtals sorphirðugjald	7.000 kr. á ílát	2.100 kr. á ílát

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 9. maí 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um friðlýsingu innra borðs Miðbæjarskólans í Reykjavík.

MENNTAMÁLARÁÐHERRA

gjörir kunnugt: Með vísan til 1. mgr. 35. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar að friða innra borð húseignarinnar Miðbæjarskólann við Fríkirkjuveg í Reykjavík.

Friðun þessi tekur til herbergjaskipunar í suður- og vesturálmum á báðum hæðum, nánar tiltekið til ganga, stiga og skólastofa. Auk þess leikfimisalar í norðurálmum, svo og bað- og búningsklefa í kjallara norðurálmum og smíðastofu í kjallara vesturálmum.

Ritað í Reykjavík, 22. apríl 1996.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.